

AUGLÝSING

21

14. marz

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt
fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðhátta.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs bæjarstjórn úr sínum hópi og einn til vara. Nefndin kýs sér fundarritara.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskja þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók og skulu í hana ritaðar fundargerðir og skrá um kærur, er nefndinni berast. Senda skal bæjarstjórn eftirrit af hverri fundargerð. Enn fremur heldur nefndin bréfabók.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá tafarlaust skotið til bæjarstjórnar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til heilbrigðisstjórnar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa, einn eða fleiri, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar starfa samkvæmt erindisbréfi, er bæjarstjórn setur þeim. Þeir skulu sitja nefndarfundi heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun bæjarins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er nefndin getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda. Að

21 öðru leyti skal leita samþykkis bæjarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, 14. marz sem hafa útgjöld í för með sér.

B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu-hætti á samþykktarsvæðinu, og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustu-háttum lýtur, utan húss og innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.

Nefndin getur krafizt lagfæringar og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.

- b. Nefndin hefur eftirlit með sjóveitu, vatnsbólum og húsbrunnum og vatnsveitu, ef henni verður komið upp, sömuleiðis með vatni og sjó á sund- og baðstöðum og lætur taka sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.

Nefndin getur bannað notkun vatns úr sjóveitu eða vatnsveitu eða brunnum og öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf. Nefndin hefur einnig eftirlit með vatnsrennum og húspökum.

- c. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum, þvagstæðum, skolpræsum og meðferð á sorpi úr húsum og enn fremur sorprennum í húsum. Hún getur bannað notkun á skolpræsum og sorprennum, ef hún telur þess þörf.

- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum, vörugeymslum og híbýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.

- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað notkun íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi manna.

- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri sem um er fjallað í IX.—XIII. kafla þessarar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringar á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf.

Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa.

- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra, þar með taldir fuglar, t. d. dúfur og mávar, sem spillt gætu neyzluvatni af þökum.

- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.

- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráða-birgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem auðið er.

- j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.

- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra 21
laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama 14. marz
máli gegnir um ákvæði, er hún setur samkvæmt heimild j-liðs þessarar greinar.

C. Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í IX.—XXI. og XXIII. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slikt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X., XII.—XIX. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði og oft, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum, hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytluvörubúðum skulu hafa hreina kappi á höfði.

13. gr.

Húsakynni þeirra stofnanna og fyrirtækja, sem um er fjallað í X. og XII.—XX. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-göð, hjört, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í X. og XII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, skulu gölf lögð gólfduk eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um er fjallað í XVIII. kafla, 93.—97. og 104. gr. Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í X. og XII.—XX. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum að dómi heilbrigðisnefndar, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

14. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í X.—XX. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gölf þvegin daglega og oft, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gölf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning eða málun skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

21

14. marz

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrífnað utan húss.

15. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gæta ákvæða 10. gr. a. og 16.—21. gr. samþykktar þessarar, að því er varðar hreinlæti og þrífnað utan húss og eftirlit með því.

16. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér í þeim hreiður.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og hreinsun á þeim.

17. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í höfnina innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni né neins konar rusl eða úrgang.

18. gr.

Öll flutningstæki, sem fara um götur bæjarins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrífnaði.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Áburð og annað, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um bæinn á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

19. gr.

Fatnað, ábreiður og annað þess konar má ekki dusta eða berja á svölum eða út um glugga, sem vita að götum eða torgum, ef húsin standa nær þeim en 8 metra.

20. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar má ekki vera á samþykktarsvæðinu. Bannað er að bera salernisáburð í garða. Þar sem slóg er borið í garða, skal þegar í stað grafa það niður eða svo fljótt sem unnt er fyrir klaka í jörð. Þó er bannað að bera slóg á húslóðir og garða við íbúðarhús.

21. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað þess konar skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. KAFLI

Um vatnsból, húsbrunna og sjóveitu.

22. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæði 10. gr. b. og 23.—33. gr. samþykktar þessarar, að því er varðar húsbrunna, vatnsból og sjóveitu og eftirlit með því.

23. gr.

Meðan ekki er vatnsveita lögð í bæinn, skulu brunnar fylgja hverju húsi, hæfilega stórir til að fullnægja þörfum íbúanna vegna neyzluvatns og vegna baða og

annarra hreinlætistækja. Brunnar skulu að jafnaði geta geymt 40—50 lestir af vatni 21
að minnsta kosti. Þeir skulu vera í tveim hólfum og auðvelt að komast í þá að utan 14. marz
til hreinsunar.

24. gr.

Áður en brunnar eru gerðir, skal leita álits heilbrigðisnefndar um stærð og frágang.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að hafðar séu síur í brunnum eða aðrennslisæðum til vatnshreinsunar.

26. gr.

Brunnar skulu gerðir úr sterkri steinsteypu, vatnsheldir og traustlega yfirbyggðir. Ofan á brunnum skal vera hreinsunarop, sem auðvelt sé fyrir menn að fara um í bæði hólfi til hreinsunar. Opin skulu vera með þéttu, öruggu loki og séu a. m. k. $\frac{1}{2}$ m upp úr jörð. Frágangur skal allur vera þannig, að öruggt sé, að engin óhreinindi geti borizt í brunninn utan frá.

27. gr.

Húseigendum skal vera skylt að sjá um, að þakrennur og aðrennslispiPUR séu jafnan í lagi og þannig um búið, að hægt sé að taka rennur úr sambandi við brunninn, fyrst eftir þurrka eða á öðrum tímum, þegar þess gerist þörf vegna hreinsunar á þökum.

28. gr.

Brunnar skulu hreinsaðir svo oft sem þurfa þykir. Heilbrigðisnefnd getur lagt fyrir húseigendur að sjá um, að brunnar þeirra séu hreinsaðir, ef henni finnst ástæða til.

29. gr.

Til þess að taka vatn úr brunnum skal nota dælur og krana. Bannað er að sækja vatn í brunna með því að sökkva fötum í þá.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með flutningi neyzluvatns. Eigi má nota önnur tæki til neyzluvatnsflutninga en þau, sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

31. gr.

Öll vatnsból, sem neyzluvatn er tekið úr, skulu vera varin fyrir hvers konar óhreinindum og sérstaklega hreinlega gengið um næsta umhverfi þeirra. Skal svo frá vatnsbólum gengið, að frá þeim halli þannig, að yfirborðsvatn renni ekki að þeim. Þau skulu hvergi vera nær sorpi, áburði, fiskúrgangi eða öðru, sem óhollusta getur valdið, en 20 m.

32. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd til ráða, ef vatnsveita eða sjóveita er lögð eða breytt. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun annarra vatnsbóla.

33. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með sjóveitu bæjarins. Öll skip skulu taka sjó úr sjóveitu bæjarins til þvotta á fiskilestum, en bannað er að nota til þess sjó úr höfninni.

21

14. mæz

IV. KAFLI

Um reyk og mengaðar gufur.

34. gr.

Húseigendum skal skylt að halda kyndingartækjum sínum í því lagi, að þau reyki ekki eða valdi sótnmyndun.

Í sambandi við verksmiðjur og iðnað, þar sem reykur eða daunillar gufur myndast, getur heilbrigðisnefnd sett reglur um hæð reykháfa og annan útbúnað til að koma í veg fyrir, að óþrifnaður og óhollusta hljótist af.

V. KAFLI

Um salerni, þvagstæði og skolpveitur.

35. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

36. gr.

Almenningssalerni og þvagstæði skulu reist, þar sem þurfa þykir, og ber að hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð þeirra og notkun.

37. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

38. gr.

Þar, sem skolpi verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

39. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

40. gr.

Þar, sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruhæð. Að svo miklu leyti, sem framkvæmanlegt er, skal veita skolpi utan hafnar.

VI. KAFLI

Um meðferð sorps.

41. gr.

Hverju íbúðarhúsi og matstofum skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málmi að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burtu.

Ekki má leggja sorprennur í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang.

42. gr.

Bæjarstjórn lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert það skuli flutt. Frá sorpstæði skal þannig gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til manna-

byggða. Við sorpflutning má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, 21
að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

14. marz

Afbeitu skal útgerðarmönnum skylt að flytja daglega frá beituskúrum sínum.

VII. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

43. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum. Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir-mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á kostnað hans.

44. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr.

VIII. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

45. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929 um íbúð í kjöllum), svo og eftir byggingarsamþykkt bæjarins.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og byggingarsamþykktum, skal gætt ákvæða 10. gr. e. samþykktar þessarar og 46.—51. gr.

46. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við, enda skulu þær fullnægja eftirtöldum lágmarkskröfum:

- a.
 1. að hæfileg forstofa fylgi íbúðinni;
 2. að greiður aðgangur sé að salerni og baðklefa með baðtækjum;
 3. að nægilegt og gott neyzluvatn sé tiltækt í íbúðinni svo og frárennsli;
 4. að aðgangur sé að þvottahúsi;
 5. að hæfileg geymsla sé fyrir matvæli, og skal hún vera kæld, vel loftræst og varin fyrir ryki og flugum;
 6. að aðstaða sé til að sjóða mat og matreiða.
- b. Sérhverjum húseiganda skal ennfremur skylt að sjá um eftirfarandi:
 1. að viðhaldið sé skolpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum í húsi sínu;
 2. að allar innanhússlagnir frárennslis séu í góðu lagi;
 3. að hæfileg birta fáiist um glugga, sem hægt sé að opna beint út, enda sé stærð glugganna eigi minni en $\frac{1}{12}$ — $\frac{1}{10}$ af gólfplatarmáli herbergis, sem þeim er ætlað að lýsa;
 4. að hæfileg loftræsting sé beint út frá hverju salerni og gluggastærð salernis sé eigi minni en 2 ferfet;

21
14. marz

5. að sérhvert bað, eldunarpláss, gangur og stigi fái hæfilega loftræstingu og birtu;
6. að haldið sé vel við sérhverjum stiga og hann búinn hæfilegum handriðum.

47. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

48. gr.

Eftir 12 ára aldur skulu piltum og stúlkum ætluð herbergi sér.

49. gr.

Lágmarksfjöldi íbúðarherbergja miðað við íbúa skal vera sem hér segir:

1 herbergi	2 íbúar
2 —	3 —
3 —	5 —
4 —	7½ —
5 —	10 —

Herbergi, sem er minna en 5 fermetrar að gólfflatarmáli, reiknast ekki íbúðarherbergi.

Lágmarksherbergjastærð miðað við íbúafjölda skal vera sem hér segir:

12 fermetrar	hæfa	2 íbúum
10 —	—	1½ —
8 —	—	1 —
5 —	—	½ —

Barn á aldrinum 1—10 ára telst hálfur íbúi. Ekki er hér tekið tillit til yngri barna en 1 árs.

50. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála svo oft, sem þurfa þykir.

51. gr.

Bannað er að byggja íbúðarhús svo nærri klettum, að grjóthrap geti náð til þeirra.

IX. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

52. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og væntanlegar reglugerðir skv. þeim, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 53. gr. samþykktar þessarar.

53. gr.

21

Peir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

14. marz

X. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

54. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m³. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

55. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

56. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—15. gr. reglugerðar þessarar.

XI. KAFLI

Um vöruskemmur.

57. gr.

Vöruskemmur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

58. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 15. gr. reglugerðar þessarar.

XII. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

59. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957 um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 30. des. 1939, og 11. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—15. gr. og 60.—68. gr. reglugerðar þessarar.

60. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólfhlötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 m². Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. 1/6 gólfflatar, og gluggar mega ekki vita móti norðri. Birta skal falla á vinstri hönd. Hiti í kennslustofum skal vera a. m. k. 18° C. Hitamælir skal vera í hverri stofu.

61. gr.

Kennsluborð skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin, og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

21

14. marz

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstöku fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðarfötum og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

62. gr.

63. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

64. gr.

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

65. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþrótt- og leikiðkana.

66. gr.

Skólahúsneði má ekki lána til annarra nota, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

67. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um að fylgt sé fram í skólanum fyrirmælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hana varðar.

68. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

XIII. KAFLI

Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

69. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsalög nr. 93 31. des. 1953, og væntanlegar reglugerðir samkvæmt þeim).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

XIV. KAFLI

Um dagvistarheimili.

70. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fatageymslna.

71. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

72. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum,

meðferð og aðbúnaði barnanna, og skal hann láta heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, **21**
er hana varðar.

14. marz

73. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru.

Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna héraðslækni þegar í stað.

74. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

XV. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

75. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

76. gr.

Veitingastofa er hvert hús eða húshluti, þar sem menn geta fengið neyzluvörur til neyzlu á staðnum gegn borgun, þar með taldar ölstofur.

Lofthæð veitingastofu skal vera að m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m² gólfplöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

77. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° hita, unz þeirra er neytt.

78. gr.

Ekki má bera gestum skörðött eða sprungin matar- og drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreindir. Dúklauð borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

79. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í skal sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

XVI. KAFLI

Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætíð ætla hrein handklæði og hreina dúka.

Á höfuðbrik stóla skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

Ekki má veita þjónustu fólki, sem víst er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Ef uppvist verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hafi verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrimæla héraðslæknis um sótthreinsun á tækjum þeim, er við hann voru notuð.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakarastofu, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

XVII. KAFLI

Um kirkjur og önnur samkomuhús.

Veggir gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem heilbrigðisnefnd telur þess þörf.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr. samþykktar þessarar.

XVIII. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir,

sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 21 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953 um mjólk og 14. marz mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11.—14. gr. og 89.—104. gr. samþykktar þessarar.

A. Almenn ákvæði.

89. gr.

- Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.
- Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- Búðir og matvælagarðarhús skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð, heldur nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur, sem til slíks er gert.
- Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

90. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

91. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 88. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar.

Ekki má selja mjólk eða mjólkurvöru á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

C. Um rjómaís og mjólkurís.

92. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í bænum, má ekki vera minna en 15% og mjólkurís ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrað, skal gerilsneydd.

D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

93. gr.

Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 89. gr. d.), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

94. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gert og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

21

14. marz

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

96. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til þess.

97. gr.

Brauðvöru má aðeins flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum lokuðum og rykheldum kössum.

E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

98. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, niðursuðuvöru, feitmeti, álegg, osta, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara, eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- Kjötkrókar og kjöstengur skulu vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- Vara, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum glerskápum.
- Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

99. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 98. og 100. gr. skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, ef heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- Gólf skal vera úr terrasso eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang og ber að hreinsa það daglega.
- Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og gót á botni.
- Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir utan, en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eigandans.
- EKKI má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

100. gr.

21

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát á lendingarstað eða á götum úti. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

101. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því, er hann var deyddur.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn og óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis.

102. gr.

Í fiskverkunarhúsum skal vera steinsteypt gólf með hæfilegu frárennsli. Veggir skulu kalkaðir eða málaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatns- eða sjóleiðsla skal vera um allt húsið.

103. gr.

Fiskhjallar til þurrkunar á skreið mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 500 metra.

G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

104. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskáp.

XIX. KAFLI

Um baðhús, sundlaugar (sundhallir), baðstaði (sundstaði), íþróttahús, íþróttavelli (íþróttasvæði), útileikvelli barna og útiskemmtistaði.

A. Um baðhús.

105. gr.

Gólf baðherbergja skulu vera flísalögð og veggir flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

B. Um sundlaugar.

106. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmar skulu hærri en gólfið í kring. Meðfram innanverðum börnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er sundgestir geti hrækt í.

107. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaug skal vera hreint og gerlagróður þess ekki meiri en drykkjarvatns.

Gerlaffjöldi í sundlaugarvatni má ekki fara yfir 1000 í 1 cm³, og saurgerlar (*B. coli*) mega ekki finnast að staðaldri í 1 cm³. Taka skal sýni af vatni til rannsókna ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Sundlaugar skal tæma og hreinsa svo oft, sem þurfa þykir.

21

14. marz

Hverri sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypiböðum, salerni og þvagstæði. Húsakynnum skal haga þannig, að sundgestir komast ekki í sundlaugina nema úr baðklefa. Skytt er að hafa björgunartæki í sundlaugum.

108. gr.

Sundgestum er skytt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

110. gr.

Ekki má hleypa fleiri gestum í sundlaug í senn en svo, að a. m. k. 3 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.

111. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum um aðgang að sundlaug.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

112. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóm, t. d. fótamyglu (epidermophytosis interdigitalis plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

113. gr.

Baðföt, handklæði, burst og annað, sem lánað er sundlaugargestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sótthreinsunarlög eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

114. gr.

Starfsfólk sundlaugar skal hafa sérstaka skó á fótum, er það notar einungis á því svæði, sem sundgestir ganga um, eftir að þeir hafa afklæðzt og þvegið sér, og engir aðrir mega ganga um það svæði nema á sérstökum skóm.

C. Um baðstaði.

115. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli gengið, að sjórinn saurgist ekki af því.

116. gr.

Ef baðstaðir eru fjölsóttir, skal rannsaka vatnið öðru hverju og leyfa því að eins notkun þeirra, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi.

117. gr.

Baðgestum er skytt að ganga þrífalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Um aðgangsleyfi að baðstöðum gilda ákvæði 111. gr. samþykktar þessarar.

118. gr.

21

Sérstakur gæzlumaður skal annast eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa þar björgunartæki. 14. marz

D. Um íþróttahús.

119. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en $\frac{1}{2}$ gólfplatnar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Leitast skal við að gera dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni ekki í sig ryki.

120. gr.

Auk æfingasalar (sala) skulu vera í hverju íþróttahúsi eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypiböðum, salerni og áhaldaherbergi eða skápur fyrir ræsttæki.

Haga skal húsakynnum þannig, að gengt sé í leikfimissal úr búningssklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

121. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 66. gr.

E. Um íþróttavelli.

122. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja salerni, búningssklefar og böð.

F. Um útileikvelli barna.

123. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

G. Um útiskemmtistaði.

124. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmtistöðum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að hafa samráð við heilbrigðisnefnd um, að gætt sé hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæði og þar sé komið upp nægilegum salernum og þvagsstöðum og séð fyrir nægjanlegu og góðu neyzluvatni.

125. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11.—14. gr., eftir því sem við á eða getur átt, að því er varðar starfsemi þá, er þessi kafli fjallar um.

XX. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

126. gr.

Um sængurfatnað í fangelsum og vistarverum handtekinna manna skal gætt ákvæða 75. gr.

21

14. marz

Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að einhver vistmanna sé haldinn næm-
um sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann, en leita síðan fyrirmæla héraðs-
læknis um meðferð hans og um hreinsun á herbergi og rúmfatnaði.

128. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f. 11. og 13.—14. gr., eftir því sem við getur
átt.

XXI. KAFLI

Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.

129. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á
hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83
25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð
nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum
líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um
varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum
nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt
ákvæða 10. gr. f. 11. og 130.—137. gr. samþykktar þessarar.

130. gr.

Í kirkjugörðum eða við þá skal reisa verkamannaskýli handa þeim, er í görð-
unum vinna.

131. gr.

Vatnsból, önnur en steyptir brunnar, mega ekki vera nær kirkjugarði en 200
m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbóli.

132. gr.

Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m sé frá kistuloki að grafar-
barmi.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðan-
jarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera
sandur eða möl eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé
að fyrirmælum hans í hvívetna.

133. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim
hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsum
skal vera rennandi vatn og handlaugar.

134. gr.

Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar
hafa verið geymd ókistulögð lík.

Leita sal fyrirmæla héraðslæknis um sóttahreinsun, ef í líkhúsi hefur verið
geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

135. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáið hefur úr næmum
sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

136. gr.

21

14. marz

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar í stað.

137. gr.

Ef sett er á stofn bálstofa á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd sérstak-
ar reglur um hana.

XXII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

138. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, svo og reglur nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 139.—142. gr. samþykktar þessarar.

139. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hrein-
um og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á
veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

140. gr.

Ekki má flytja með skipum og bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema
með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

141. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra
óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og
ber að hlíta fyrir mælum hennar um upprætingu.

142. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð
á, að farið sé að fyrir mælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur
að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum.

Kýrretja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrir mæli
héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

143. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári skoða vistar-
verur skipverja á bátum og skipum, sem hér eiga heimahöfn, og halda skrá yfir
skipin.

144. gr.

Bannað er að skrá háseta í skiprúm, nema hann leggi fram læknisvottorð, eigi
eldra en tveggja mánaða, um að hann sé eigi haldinn neinum næmum sjúkdómi
né óþrífakvilla. Að jafnaði skal krafizt röntgenskyggingar á lungum, þar sem því
verður við komið.

Bifreiðarstjórar leigubifreiða skulu leggja fram sams konar heilbrigðisvottorð
um leið og bifreiðarskoðun fer fram.

21

14. marz

XXIII. KAFLI

Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

145. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt bæjarins, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 146.—151. gr., að því er varðar peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

146. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, safnhús, safngryfjur né hefja búrekstur innan hins skipulagða íbúðarhúsasvæðis kaupstaðarins.

147. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir. Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m og ekki má það standa nær vatnsbóli en 20 m og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

148. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrífín viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum eða skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

149. gr.

Loðdýr (dýr, sem alin eru vegna feldarins) og tamda fugla, aðra en stofufugla í búrum, má ekki hafa á hinu skipulagða íbúðasvæði kaupstaðarins, nema gild ástæða þyki til og heilbrigðisnefnd samþykki.

150. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu.

151. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi.

XXIV. KAFLI

Lokaákvæði.

152. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

153. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki, ef þörf gerist.

Einnig getur heilbrigðisnefnd gert þeim, sem vanrækir að vinna verk eða lætur eitthvað hjá líða, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykktinni, að greiða dagsektir, allt að kr. 500.00 á dag, unz fullnægt hefur verið því, sem vanrækt var. Dagsektir renna í bæjarsjóð og má innheimta með lögtaki.

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að gefinni 21
viðvörðun, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa um stundarsakir, ef 14. marz
ekki er bætt úr ágöllum.

154. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka
tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum
allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarféð í
bæjarsjóð.

155. gr.

Mál er rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

156. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt sem hún hefur verið birt í Stjórnar-
tíðindum. Jafnframt er úr gildi numin heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyja-
kaupstað nr. 81 28. okt. 1925.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-
samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-
samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur
samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. marz 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Stórólfsahlvolshverfis í
Rangárvallasýslu.

22

28. febr.

1. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almenningsþvottahús og þvottastöðvar
bifreiða greiði vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í
senn.
- b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum húsum sínum samkvæmt
gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt
að 100.000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru herra, sé skatturinn 2%.
Auk þess skal greiða fastagjald 200.00 krónur fyrir venjuleg íbúðarhús, en sé
vatnið einnig notað til brynningar nautgripa, skal fastagjaldið vera 300.00 krónur.
Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 300.00 krónur.
Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir
hverja eigi lægri en 300.00 krónur.

Ofanefnd gjöld getur vatnsveitunefnd sem leggur á skattinn hækkað eða lækkað
áð árlega um allt að 50%.